

Verkmenntaskólanum á Akureyri 20. október 2014.

Ágæti viðtakandi hjá fyrirtæki, stofnun eða samtökum.

Erindi: Ósk um að fyrirtæki / stofnun / samtök komi inn í námskeið, **umræðu á ensku**, um tengsl atvinnulífs og skóla í starfsmenntun 14. nóvember 2014 í VMA.

Verkmenntaskólinn á Akureyri hefur lengi haft mikil samskipti við fjölmarga vinnustaði, bæði einkafyrirtæki og opinbera vinnustaði. Sem dæmi má nefna að sjúkraliðanám, grunnnám í matvælagreinum, starfsbraut fatlaðra, bifvélavirkjun, grunnnám í rafiðnum og fleiri deildir semja við vinnustaði um að taka við nemendum í styttri tíma til kynningar eða í markvisst starfsnám á vinnustað. Ennfremur fara iðnnemar á samning hjá iðnmeisturum.

Það má segja að í VMA sé ekki til heildstætt yfirlit um vinnubrögð við þetta og þar má nefna spurningar um það við hverja á að tala til að koma nemanda á vinnustað, um stöðu nemanda varðandi tryggingar á vinnustaðnum og ýmis önnur mál.

Hér innanhúss hefur verið rætt um að æskilegt væri að samræma þessi mál þannig að kennarar sem sjá um mismunandi nemendahópa hafi ákveðið verklag um samskipti við vinnustaði og mat á almennri frammistöðu nemenda.

VMA hefur unnið að fjölþjóðlegum verkefnum á ýmsum sviðum og eitt af þeim er verkefnið Workmentor – Starfsfóstri árin 2011 - 2013. Þetta verkefni fékk 192.000 Evra framlag í gegnum Leonardo da Vinci - Starfsmenntaáætlun ES. Jóhannes Árnason í VMA var verkefnisstjóri.

Verkefnið fólst í að þróa námskeið fyrir starfsmenn á vinnustöðum þannig að þeir yrðu betur í stakk búnir að styðja nýliða / nemendur í vinnustaðanám, ekki bara faglega í vinnubrögðum heldur líka hvað varðar almenna líðan og öryggi með sjálfan sig á vinnustaðnum. Hugmyndin hér er sú að því betur sem þér líður og því meiri árangri í sem þú nærð vinnustaðanáminu því líklegra er að þú ljúkir náminu og munir starfa í greininni.

Vefsíða Workmentor verkefnisins er hér:

[http://workmentor.vma.is/wiki/index.php/Work\\_Mentor](http://workmentor.vma.is/wiki/index.php/Work_Mentor)

Hér er kynning á Workmentor verkefninu. Hún var notuð í Brussel í febrúar 2014 þegar Workmentor verkefnið var eitt af verkefnum á sínu sviði sem var kynnt þegar verið var að taka saman þekkingu og reynslu af vinnustaðanám.

[http://workmentor.vma.is/wiki/images/e/e4/Workmentor\\_EMCPresentation\\_Feb2014.pdf](http://workmentor.vma.is/wiki/images/e/e4/Workmentor_EMCPresentation_Feb2014.pdf)

Í þessari kynningu kemur vel fram að hópurinn sem vann verkefnið hefur unnið saman áður og að við skoðum vinnustaðanám sem fullgilt viðfangsefni skóla og vinnustaða og að það sé hægt að fjalla um og tileinka sér góðar aðferðir og viðhorf við það líkt og rekstur fyrirtækja og kennslu í skólum.

Nú hefur VMA fengið samþykkt nýtt verkefni og skrifað undir samning við RANNÍS fyrir hönd Erasmus plus menntaáætlunarinnar. Nýja verkefnið WorkQual - Workmentoring within a Quality Management System, fékk styrk uppá 187.000 Evrur. Það verkefni gengur út á að staðla vinnubrögð í skólunum við að hafa samskipti við vinnustaði og nemendur um vinnustaðanám þannig að við fylgjum samræmdu verklagi í fleiri löndum og í sem flestum skólum á Íslandi. Því miður er ekki ennþá til kynning á verkefninu á glærum en vissulega verður hún til von bráðar. Sjá hér frétt á vef RANNÍS.

<http://www.erasmusplus.is/um/frettir/nr/2873>

Hér er vísir að vef fyrir nýja verkefnið WorkQual.

<http://workqual.vma.is/index.php/WorkQual>

Fyrsti fundur í WorkQual verkefninu verður haldinn fimmtudag 13. nóvember og föstudag 14. nóvember 2014. Fimmtudagurinn fer í að ræða um verkefnið sjálft, hvernig þátttökuaðilar útfæra verkefnið, verkþætti, kostnað og slíkt.

Föstudagurinn er hugsaður sem námskeið og umræða um samskipti vinnustaða og skóla ásamt því að skoða hvað gæðakerfi fela í sér.

Fólk úr verkefnishópnum mun gera grein fyrir Evrópskum kerfum sem þróuð hafa verið til að samræma vinnubrögð í starfsmenntun. Til dæmis eru Hollendingar og Finnar komnir langt í þessu.

Við viljum fá einhverja til að fjalla um íslenska kerfið/kerfin og dæmi um þau vinnubrögð sem notuð eru. Við munum leita til Menntamálaráðuneytisins og fleiri aðila svo sem IÐUNNAR um þetta.

Okkur þykir líka mikilvægt að fá fram viðhorf og áherslur fyrirtækja og annarra samstarfsaðila VMA um þessi atriði. Á seinni stigum munum við óska sérstaklega eftir því að halda fundi með vinnustöðum á Akureyri til að skoða betur hvaða þættir það eru sem þarf að skoða vel þegar við ræðum um hvað þarf ða gera þegar verið er að undirbúa vinnustaðanám nemenda í mismunandi greinum.

Vegna alls þessa vil ég spyrja hvort það sé mögulegt að þú eða annar fulltrúi fyrirtækisins / stofnunarinnar / samtakanna takir þátt í umræðu eða hafir stutta framsögu um þetta á fundi fyrir hádegisdög föstudaginn 13. nóvember 2014? Markmiðið er að draga saman áherslur og viðhorf eða dæmi um áherslur og viðhorf vinnustaða þannig að við höfum sem flesta þætti sem við þurfum að taka með í reikninginn þegar við vinnum að því að samræma vinnubrögð við vinnustaðanám nemenda í framhaldsskólum.

Ekki er búið að ákveða dagskrána til fulls en reiknað er með að hópurinn fundi kl. 9.00 – 12.00 með þeim gestum sem geta komið. Seinniparturinn fer svo í að vinna úr því sem kemur fram fyrir hádegisdög, að sjálfsögðu myndum við þiggja að einhverjir taki þátt í því líka.

Vegna þess að verkefnishópurinn er alþjóðlegur (Ísland, Noregur, Finnland, Holland, England, og Frakkland) með einum skóla / ráðgjafafyrirtæki frá hverju landi þá **þurfum við að nota ensku til samskipta og vissulega væri best að fulltrúi frá þér gæti gert það.**

Erindið er sem sagt þetta núna að kynna þetta fyrir þér og ykkur. Ekki er hægt að lofa því að kynningargögn um verkefnið verði til fyrir fundinn en ég leyfi mér að senda þér slóðir á verkefnisvefinn og á þá vefsíðu sem fjallar um fundinn á Akureyri.

<http://workqual.vma.is/> Þetta er vefur verkefnisins.

<http://workqual.vma.is/index.php/Agenda> Þetta er fundadagskráin, ekki fullfrágengin.

[http://workqual.vma.is/index.php/Partner\\_Meeting\\_1](http://workqual.vma.is/index.php/Partner_Meeting_1) Hér er vefsíða fyrir fundinn á Akureyri.

Jóhannes Árnason  
kennari, verkefnisstjóri erlendra samskipta VMA.  
jarn@vma.is  
sími 464 0300  
farsími 846 9030